



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

47. fundur, fimmtudaginn 2. júní 2011, kl. 18:00-20:45 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi) og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Agnar Olsen, Elín R. Líndal, Kjartan Ólafsson, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Unnur Brá Konráðsdóttir.

Lagt fram á fundi: 1) Viðbrögð við athugasemdum sem bárust í kjölfar kynninga á niðurstöðum faghópa vorið 2010, inngangur verkefnisstjórnar, 2) Svör faghóps I við athugasemdum sem bárust eftir opið kynningarferli á niðurstöðum faghópa 2. áfanga rammaáætlunar 8. mars – 3. maí 2010, 3) Svör við spurningum sem beint hefur verið til Faghóps III í umsagnarferli skýrslunnar um „Niðurstöður faghópa“, mars 2010 (KÓ 04.02.2011), 4) Svör við spurningum sem beint hefur verið til faghóps IV (GAJ 31.01.2011), 5) Samfélagsleg áhrif mögulegra virkunarframkvæmda (SIJ 02.06.2011), og 6) Friðlýstar og friðaðar fornleifar (KHS 02.06.2011).

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Rannsóknaleyfi í Grændal

Rætt var um rannsóknaleyfi í Grændal er Orkustofnun gaf út 11. maí 2011. Lagði Friðrik Dagur fram bókun í tilefni af útgáfu rannsóknaleyfisins, og urðu umræður um hana þar sem sitt sýndist hverjum um einstök atriði málsins. Í kjölfar umræðunnar ákvað Friðrik Dagur að endurskoða bókunina í því formi er hún lá fyrir fundinum, og var hún því innkölluð að sinni. Endurskoðuð bókun barst ritara 9. júní 2011, og er hún svohljóðandi:

„Nú á lokastigi vinnu við gerð Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða gerist sá fáheyrði atburður að Orkustofnun, undir stjórn orkumálastjóra, eins af stjórnarmönnum í verkefnisstjórn Rammaáætlunar og formanns faghóps á vegum hennar, gefur út rannsóknarleyfi í Grændal þar sem fallist er á hugmyndir um rannsóknarboranir í mynni dalsins. Þetta svæði er eitt þeirra sem unnið er með í vinnu Rammaáætlunar og leyfið er veitt án alls tillits til þess hvernig það verður flokkað samkvæmt henni. Orkumálastjóri sá ekki ástæðu til að kynna þessa gjörð stofnunar sinnar fyrir verkefnisstjórninni, þrátt fyrir að vinnuferlið sé á viðkvæmu stigi og þetta breyti sannarlega stöðu svæðisins. Þá sá hann heldur ekki ástæðu til að skýra verkefnisstjórninni frá þessari leyfisveitingu og útskýra hana, þrátt fyrir miklar umræður og gagnrýni um sams konar mál á fundum stjórnarinnar í vetur leið. Þessi aðgerð er til þess fallin að hleypa starfi verkefnisstjórnarinnar í uppnám. Með þessu stuðlar orkumálastjóri að því að sprengju sé varpað inn á borð verkefnisstjórnar og rýrir trú á að sæmileg eining um niðurstöðurnar sé möguleg, enda veldur leyfisveitingin reiði og tortryggni sem ætla má að torveldi sátt og samkomulag um þær.

Nú er boðað að formenn faghópa Rammaáætlunar eigi einir fulltrúa í verkefnisstjórn að fylgja eftir röðun verkefnisstjórnarinnar. Þeir eiga að koma sem sérfræðiráðgjafar að vinnu iðnaðarráðuneytisins við flokkun virkjanahugmynda og gerð þingsályktunartillögu, þar sem kveðið er á um hverjar þeirra skuli fara í biðflokk, nýtingarflokk eða verndarflokk. Orkumálastjóri er einn þeirra ráðgjafa sem þar verður kallað á. Að svona skyldi vera staðið að málum varðandi Grændal hlýtur að vekja áhyggjur um framhald vinnu við flokkun sem hefur bæði vernd og nýtingu að leiðarljósi. Útgáfa rannsóknarleyfis sem ryður braut fyrir rask og náttúruspjöll í Grændal, þvert á Rammaáætlun, hlýtur að kalla á endurskoðun á öllum hugmyndum um hvernig standa eigi að því að fá niðurstöður í það verk sem unnin hefur verið á vegum hennar á undanförnum árum, með sátt varðandi nýtingu náttúrusvæða að leiðarljósi.“

2. Skoðanakönnun meðal verkefnisstjórnar

Formaður lagði fram tillögu um að gerð yrði nafnlaus, rafræn skoðanakönnun meðal fulltrúa í verkefnisstjórn um flokkun virkjunarhugmynda í verndarflokk, biðflokk eða nýtingarflokk. Yrði niðurstaðan til leiðbeiningar fyrir ráðgjafa ráðuneytisins um mótun tillögu til þingsályktunar um flokkun virkjunarhugmynda. Fenginn yrði óháður aðili, t.d. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA), til að senda út gögn vegna flokkunarinnar og taka við svörum fulltrúanna. Send yrði út tafla 7.2 úr drögum að skýrslu verkefnisstjórnar með aukadálki til að flokka hugmyndirnar í viðeigandi flokk. Þessi tillaga var **samþykkt**.

3. Fundargerðir

Farið var yfir fundargerðir 45. og 46. fundar verkefnisstjórnar, og var fundargerð 45. fundar **samþykkt án athugasemda**. Við fundargerð 46. fundar voru gerðar þessar athugasemdir, en að öðru leyti var hún **samþykkt**:

- Vegna mótvægisáðgerða (liður 2 a í fundargerð) gerði þEP athugasemd um að hún hefði á þessum fundi óskað eftir því að Agnar sendi sér og faghópi I lista yfir þær virkjunarhugmyndir og mótvægisáðgerðir sem faghópurinn hefði ekki tekið tillit til.
- Vegna undirkafla frá einstökum meðlimum verkefnisstjórnar (liður 2 b í fundargerð) var óskað eftir betra orðalagi á síðustu aukasetningunni, og tók formaður að sér að lagfæra það, sjá framlögð gögn 5.
- Í tilefni af röðun eða flokkun virkjunarhugmynda (liður 3 a í fundargerð) lögðu Friðrik Dagur og Björg Eva fram bókun, sem dregin var til baka á fundinum til mögulegra breytinga, en liggur nú 22. júní fyrir svohljóðandi:

„Í ljósi umræðna síðustu tveggja funda liggur fyrir að skiptar skoðanir eru um framhald vinnu verkefnisstjórnar rammaáætlunar og hvernig hún skilar af sér niðurstöðum. Hluti fulltrúa í stjórn hefur lagt til að raðað verði í flokka undir leiðsögn iðnaðarráðuneytisins en ekki verkefnastjórnarinnar sjálfar eins og erindisbréf kveður á um. Engin formleg ákvörðun liggur fyrir um þá tilhögun í fundargerðum, þótt umræður hafi farið fram um að erfitt gæti reynst að setja strik í röðunina og flokka eins og verkefnið var og erindisbréf kveður á um. Vandséð er hvaða heimild verkefnisstjórn hefur til að víkja frá fyrirmælum um að ljúka verkinu með flokkun.“

Úr erindisbréfi: „Verkefnisstjórnin skal ljúka störfum og skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra með heildarmati og flokkun á þeim kostum sem teknir voru fyrir í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma fyrir 1. júlí 2009.“

Það framhald sem kynnt var á síðustu fundum olli furðu þeirra sem töldu að erindisbréfinu yrði fylgt, hvað sem liði lagaramma, orkustefnu eða þingsályktunum. Enda er erindisbréfið mjög skýrt hvað þetta varðar.

Við nánari athugun kemur í ljós að ný lög um störf verkefnisstjórnar (lög um verndar og orkunýtingaráætlun frá 11. maí 2011), styðja þetta álit. Þar er hlutverki verkefnisstjórnarinnar lýst mjög skýrt í tíundu greininni sem fylgir hér að neðan í heild sinni. Þar stendur meðal annars: „Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við lög nr.105/2006, um umhverfismat áætlana, leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina.“

Þótt þessi lög séu ný og yngri en sjálf verkefnisstjórnin, er þetta sá lagarammi sem Alþingi hefur búið rammaáætlun og telur rétt og skylt að fylgt sé. Það hlýtur því að vera eðlilegt að skil þessarar verkefnisstjórnar taki mið af þeim leiðbeiningum sem nýju lögin gefa um verklag og málsmeðferð. Óeðlilegt er ef ný lög um rammaáætlun, og þau einu sem sett hafa verið, ná ekki til starfs þeirrar verkefnisstjórnar sem nú á að skila af sér.

Við undirrituð leggjum því til að verkefnisstjórnin haldi áfram sínum störfum samkvæmt erindisbréfi og ljúki þeim í anda laga um verndar og orkunýtingaráætlun.“

Á fundinum lagði formaður verkefnisstjórnar fram bókun þar sem ferill ákvarðana um verklag verkefnisstjórnar er rakinn.

Bókun formanns verkefnisstjórnar:

„Vegna umræðana sem upp hafa komið í verkefnisstjórn nú í lok vinnunnar um það hvernig niðurstöðum rammaáætlunar verði skilað til iðnaðar- og umhverfisráðherra er rétt að rifja eftirfarandi upp:

Eftir að kynningu á niðurstöðum faghópa var lokið, vorið 2010, kom fram frumvarp sem afgreitt var sem lög frá alþingi 11. maí sl. sem lög um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Frumvarpið hafði legið fyrir frá hausti 2009 án þess að samstaða næðist um að leggja það fram sem stjórnarfrumvarp. Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, nú lögum, segir m.a. „Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.“

Þegar verkefnisstjórn fór að huga að lokavinnu við 2. áfanga rammaáætlunar haustið 2010 var staðan sú að frumvarpið var komið fram en ekki ljóst hver yrðu örlög þess. Jafnframt var ljóst að engin samstaða var um túlkun ofangreinds ákvæðis 3. greinar.

Það var því ákveðið á fundi verkefnisstjórnar 8. október 2010 „að skilað verði röðun virkjunarkosta í samræmi við erindisbréf, án tillits til mögulegrar niðurstöðu í frumvarpi og væntanlegum lögum. Mögulega yrði þar um einhver „strik“ að ræða, en skilað yrði niðurstöðum á svipaðan hátt og gert var í 1. áfanga (sbr. framlagt skjal með einfölduðum niðurstöðum í töfluformi).“ Samkvæmt því sem fram kemur í fundargerð snerist málið um það að ljúka verkefninu með þessum hætti eða bíða þess sem verða vildi með frumvarpið. Niðurstaðan var að ljúka verkefninu.

Í byrjun janúar voru drög að efnisyfirliti lokaskýrslu og fyrstu drög að 1. kafla lokaskýrslu send út til verkefnisstjórnar og á fundi 14. janúar 2011 var samþykkt að vinna skv. fyrirliggjandi drögum að efnisyfirliti og ein ábending kom vegna annars efnis.

Það var mikil vinna fyrir faghópa að ganga frá niðurstöðum í kjölfar úrvinnslu þeirra athugasemda sem fram komu eftir kynningarferlið vorið 2010. Enda komu reglulega fram áhyggjur af tímaáætlun. Á fundi 18. mars var sú aðferðafræði sem nota skyldi við röðun staðfest af verkefnisstjórn og 22. mars lá síðan fyrir listi sem var samþykktur og umræðan snerist um hvernig hann yrði upp settur og hvaða upplýsingar þyrftu að fylgja. Einnig voru lögð drög að lista sem gekk undir vinnuheitinu „ráðherralisti“, nú tafla 7.2. og farið yfir þær upplýsingar sem setja þyrfti inn til frekari skýringa.

Meginniðurstöðukaflinn hefur legið fyrir frá um miðjan maí. Ekkert í honum gefur til kynna að sú ákvörðun hafi verið tekin að verkefnisstjórn færi að flokka samkvæmt þá nýsamþykktum lögum og við það hafa ekki komið athugasemdir frá verkefnisstjórn.

Á fundi með Skipulagsstofnun 8. mars sl. var það samþykkt að niðurstöður verkefnisstjórnar þyrftu ekki að fara í umhverfismat áætlana þar sem niðurstöður hennar mundu ekki hafa áhrif á skipulag. Þegar búið er að flokka virkjunarhugmyndir skv. lögnum og sú tillaga liggur fyrir þarf hún hinsvegar að fara í umhverfismat áætlana.“

d) Vegna friðlýsingar fornminja (liður 2 c í fundargerð) kom fram, að það er Kristín Huld ein sem vinnur klausu um efnið, sjá framlögð gögn 6.

Að lokum kom fram ábending um, að bókun frá formönnum faghópa I og II frá 34. fundi væri ekki komin á vef Rammaáætlunar.

4. Ítarefni á vef Rammaáætlunar

Formaður ræddi það itarefni er færi á vefinn, sjá m.a. framlögð plögg 1 til 4 á fundinum. Meðal þess væru einnig fundafrásagnir frá kynningarfundum, en engar athugasemdir hefðu borist við þá umfjöllun frá formönnum faghópa. Væntanleg væru viðbrögð faghóps II í endanlegu formi, en framlögð plögg 1 til 4 á fundinum tækju á viðbrögðum verkefnisstjórnar og faghópa. Engin mótmæli komu fram við framsögu formanns og skoðast því **samþykkt** að birta þetta itarefni á vefnum.

5. Önnur mál

Rætt var hvort 2. áfangi rammaáætlunar uppfyllti kröfur um sjálfbæra þróun, og í tengslum við það, hvað væru fullnægjandi rannsóknir í þágu rammaáætlunar. Matið á því væri sífellt að

breytast. Formanni var falið að vekja athygli á því í viðbrögðum við athugasemdum úr kynningar- og umsagnaferli.

Fram kom að drög að skýrslu verkefnisstjórnar verða send út í tölvupósti og hafa fulltrúar viku til að gera athugasemdir áður en hún fer í umbrot.

Einnig kom fram að líklega væri einungis einn fundur eftir sem yrði skilafundur lokaskýrslu.

Kristinn Einarsson

(Aths. ritara 8. ágúst 2011: Þetta var síðasti fundur verkefnisstjórnar sem boðaður var með dagskrá og umræðum, og var fundargerðin því ekki samþykkt formlega á síðari fundi. Hún var hins vegar send út í drögum til athugasemda innan ákveðins frests, sem löngu er liðinn, og lagfærð í samræmi við innsendar ábendingar. Fundargerðin er því birt á vefnum sem samþykkt að undangengnu samráði við formann verkefnisstjórnar.)